

Viðtakandi:

Velkominn í Flensborg kæri nýnemi!

Það styttest í að skólastarf hefjist að nýju og við hlökkum mikið til að taka á móti þér í vikunni, nánar tiltekið **fimmtudaginn 18. ágúst kl. 13:00 á sal skólans**. Opnað verður fyrir stundatöfluna þína í Innu á morgun, **þriðjudaginn 16. ágúst** en til þess að geta opnað Innu **þarf rafræn skilríki**. Þau færðu í þínum viðskiptabanka.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista en mikilvægt er að nemendur komi með námsgögn við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, **föstudaginn 19. ágúst, samkvæmt hraðtöflu** sem þér verður send síðar í vikunni. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum heimasíðu skólans. Hægt verður að leigja skápa í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á [skrifstofa@flensborg.is](mailto:skrifstofa@flensborg.is).

Eins og áður hefur komið fram þá ert þú í **bekk X. Hámarkskennari** þinn er Xog er m.a. umsjónarkennari þinn og tengiliður við skólann (nemendabjónustu og fleira). Meira um þetta á nýnemakynningunni á fimmtudaginn en þá verða nýnemar boðnir velkomnir í skólann auk þess sem farið verður yfir það helsta sem þarf að hafa í huga við upphaf skólaárs. **Nemendafélag skólans** verður einnig á staðnum og kynnir starfsemi sína.

### Að lokum

Eins og sjá má hér að ofan þá er ýmislegt framundan og því mikilvægt að fylgjast vel með tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans. Einnig að **fylgjast vel með á INNU** því þar koma allar helstu upplýsingar fram um námið, heimavinnu og fleira. Einnig bið ég þig um að kynna þér helstu reglur skólans, m.a. almennar skólareglur og reglur um mætingu en þær má finna á heimasíðu skólans.

Gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði